

Nd. 346. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist nýr stafliður svo hljóðandi:
d. vegna uppskerubrests á kartöflum samkvæmt reglum, sem Bjargráðastjórn setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands var m. a. stofnuð ný deild við sjóðinn, afurðatjónadeild landbúnaðarins, en hlutverk hennar er skv. 12. gr. laganna að veita lán og styrki til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár vegna grasbrests eða óþurrka og vegna afurðatjóns og dauða nautgripa og sauðfjár af völdum smitsjúkdóma o. fl. — Hins vegar er ekki að finna í lögnum heimild til að bæta úr afurðatjónadeild annað tjón en þar er talið og nefnt hefur verið hér að framan s.s. tjón vegna uppskerubrests á kartöflum. Ástæðan til þessa er sú, að frumvarpið að lögum nr. 82/1967 var upphaflega samið af stjórnskipaðri nefnd árið 1964, og í greinargerð frumvarps þeirrar nefndar er vakin athygli á því, að í frv. sé ekki gert ráð fyrir því, að uppskerubrestur á kartöflum verði bættur úr afurðatjónadeild sjóðsins, og í samræmi við það var gjaldskylda til sjóðsins í því frumvarpi eingöngu bundin við innvegna mjólk og kindakjöt.

Frumvarp að lögum nr. 82/1967 var í meginatriðum samhljóða frumvarpi nefndarinnar frá 1964, en þó höfðu verið gerðar á því nokkrar breytingar m. a., að gjaldskylda til afurðatjónadeildar var látin ná til allra söluvara landbúnaðarins, sbr. 4. gr., c-lið laganna.

Með því að kartöfluframleiðendur greiða — eins og framleiðendur annarra landbúnaðarvara — $\frac{1}{4}\%$ af söluverðmæti framleiðslu sinnar til afurðatjónadeildar landbúnaðarins við sjóðinn, þykir eðlilegt, að þeir eigi þess kost að njóta aðstoðar úr deildinni, svo sem framleiðendur annarra landbúnaðarvara, ef þeir verða fyrir stórfelldum uppskerubresti, svo sem raun varð á sums staðar á síðastliðnu sumri, enda hafa þeir þegar leitað til Bjargráðasjóðs um slíka aðstoð, en Bjargráðastjórn ekki talið sér heimilt að veita slíka aðstoð að óbreyttum lögum sjóðsins. Af því tilefni er frumvarp þetta fram komið.

Þar eð ræktun kartaflna er óárviss víða um land og tiltölulega áhættusöm búgrein, virðist eðlilegt, að aðstoð Bjargráðasjóðs vegna uppskerubrests á kartöflum verði bundin allströngum skilyrðum s.s. að viðkomandi hafi stundað slíka ræktun ákveðið árabíl og um lágmarkstjón. Samkvæmt frumvarpinu mundi Bjargráðastjórn setja fastar reglur um slík skilyrði.